




# BREYTING Á DEILISKIPULAGI FYRIR MYLLUBAKKASKÓLA, SÓLVALLAGÖTU 6a VEGNA STÆKKUNAR Á BYGGINGARREIT



Aðalskipulag Reykjavísbæjar 2015 - 2035



Hluti gildandi deiliskipulagi Myllubakkaskóla, samþykkt í Bæjarstjórn 15.06.1990, mkv: 1:500.



Deiliskipulagstillaga, mkv: 1:500

### SKÝRINGAR:

- Táknar mörk skipulagssvæðis
- Lóðarmörk, samkvæmt lóðablaði
- Byggingarreitur
- Núverandi bygging, niðurrif heimilt
- Mænisstefna
- Núverandi mún
- Bilastæði, leiðbeinandi
- Endurbætt skólabygging, leiðbeinandi
- Staðsetning sorpgerðis, leiðbeinandi
- kvöð um vindbrjóta á lóð, leiðbeinandi

Árið 1990 var gert deiliskipulag fyrir skólalóðina sem heimilaði að byggt verði við og ofan á núverandi skólabyggingu.

### Skýringar

Skipulagssvæðið afmarkast af Hringbraut í vestri, Norðurtúni í norðri, Suðurtúni í Suðri og Sólvallagötu í austri. Stærð svæðis 16.600 m<sup>2</sup> og nýtingahlutfall eftir stækkun verður 0.29.

### Helstu breytingar

- Byggð verður 1. hæð ofan á álmu sem liggur með Suðurtúni.
- Byggð verður 2. hæða tengibygging milli aðalbyggingar og álmu sem liggur með Suðurtúni.

### Greinargerð

Sótt er um breytingu á deiliskipulagi fyrir Myllubakkaskóla þar sem núverandi bygging verður uppfærð til nútímakrafa sem gerðar eru til skólalóðna. Á lóðinni eru færlegar kennslustofur.

### Lýsing á breytingunni og markmið:

- Afmarka byggingarreit fyrir enduruppbyggingu núverandi bygginga, viðbygginga og íþróttarhúss.
- Byggingarmagn er aukið. Hámarks nýtingahlutfall eftir stækkun verður 0.65 eða um 8.400 m<sup>2</sup> með A og B rýmum.
- Skólalóð verður endurhönnuð í takt við breytingar á skólalóðnaði með áherslu á aðgengismál.

### Almennir skilmálar

Tryggt skal að hönnun verði í samræmi við algilda hönnun með auðveldu og einföldu aðgengi að húsnæði og lóðum. Það felur meðal annars í sér að sérstök áhersla er á vandaða hæðarsetningu og frágang á yfirborði, jöðrum og köntum.

### Lóð og lóðafrágangur

Frágangur lóðar skal vera snyrtilegur og yfirborð skal vera gegndræpt eins og kostur er. Gerð er krafa um gróurbelti. Áhersla skal lögð á aðgengi fyrir alla og algilda hönnun á skólalóðinni. Utanhússlýsing skal vera láttlaus, óbein og glýjulaus.

### Mannvirki

#### Byggingarreitir:

Byggingar skulu vera allar innan byggingarreits.

#### Byggingarmagn:

Hámarksbyggingarmagn er um 8.400 m<sup>2</sup> með A og B rýmum. Nýtingahlutfall er 0.65.

#### Hæð bygginga:

Heimilt er að fjarlægja núverandi byggingu að hluta eða öllu leyti. Gerð er krafa um hallandi þak. Miðað er við að hæðarkóti núverandi bygginga verði óbreyttur. Þó er heimilt að hækka þak um 0,5 metra. Hæsti leyflegi hæðarkóti nýbygginga og nýrra viðbygginga er 18,4 metrar yfir sjávarmáli. Heimilt er að þakgluggar, lyftuhús, tæknibúnaður o.þ.h. fari allt að 2,0 m upp fyrir hámarkshæð húss.

#### Útlit, uppbot og efnisval:

Til að byggingar myndi ekki einseitan og samfelldan flöt skal vera uppbot í efnisvali, áferð og lit. Gæta skal samræmis og heildaryfirbragðs í efnisnotkun.

#### Byggingarefni:

Lögð er áhersla á að val á byggingarefnum byggist á umhverfissjónarmiðum. Notkun mengandi og heilsuspillandi efna er óheimil.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur meðferð í samræmi við ákvæði 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_ og í \_\_\_\_\_ þann \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_.

Tillagan var auglýst frá \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_ með athugasemdafresti til \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_.

Auglýsing um gildistöku breytingarinnar var birt í B-deild stjórnartíðinda þann \_\_\_\_\_ 20\_\_\_\_.



Skýringarmynd, horft til norðaustur.



Skýringarmynd, horft til suðaustur.



Skýringarmynd, horft til norðvestur að aðalinnangi skólabyggingar.



Skýringarmynd, horft til suðvestur að aðalinnangi skólabyggingar.

Deiliskipulagsbreyting fyrir Myllubakkaskóla, Sólvallagötu 6a Deiliskipulagsuppdráttur

Sveitarfélag: Reykjavísbær  
 Áfangi: Deiliskipulag  
 Mælikvarði: Mælikvarði  
 Verknúmer: 23-026  
 Dagssetning: 22.11.2023  
 Útgáfa: 1 af 1  
 Tilkning:

Skipulagshöfundar: **ARKÍS** arkitektar

Vestunvör 7 • 200 Kópavogur • Sími 12060 • www.arkis.is • arkis@arkis.is